

ir öllum góðum röddum hafði hann lokað eyrum sínum og hjarta. En með hinum einföldu bænarorðum litlu stúlunnar snart nú andi guðs hjarta hans. Hann beygði sig niður og grúfði niður í hendur sínar. Mintist bernsku-daga sinna, bernsku-sakleysisins og bænanna, sem móðir hans hafði líka kent honum að biðja með. Mintist þess, hvernig hann hafði varpað öllu góðu frá sér, en gefið hinu vonda lausan tauminn. Og hann grét—grét aftur eins og barn. Og hann hét því, að hann skyldi ekki gera börnum þessum neitt ilt, og óskaði þess, að hann gæti orðið annar og betri maður.

Þegar María kemur út í eldhúsið til hans, biður hann hana að vísa sér til sængur.—

Morgundagurinn rann upp bjartur og líður. Börnin höfðu sofist vel og ekkert hafði grandað þeim. Komumaður beið, þangað til búist var að borða morgunverð. Þá þakkar hann þeim mjög innilega fyrir, hvað góð þau hafi verið sér. Segist aldrei skuli gleyma þeim. Kveður þau svo og fer.

Bænin hennar Elsu litlu hafði frelsað börnin, — hefur og líklega orðið komumanni til varanlegrar blessunar.

TIL GAMANS.

Lítilræði.—Piltur, sem lokið hafði skólanámi, var að kveðja einn kennarann sinn. Hann langaði til að gera það innilega. Segir því við hann: „Eg á yður að þakka alt, sem eg veit.“ „Ó, minnst þér ekki á það lítilræði!“ svaraði kennarinn.

Hrukkur.—Drengur segir við föður sinn: „Pabbi, hvað eru hrukkur?“

Faðirinn: „Vefur geðvonsku og umkvörtunar-sýki, sonur minn.“

„*Sameiningin*“ kemr út mánaðarlega. Hvert númer tvær arkir heilar. Verð einn dollar um árið. Skrifstofa 118 Emily St., Winnipeg, Canada. „*Börnin*“—barnablaðið nýja—er sérstök deild í „*Sam.*“, hálf örk. *Address* ritstjóra „*Barnanna*“: Selkirk, Man. — „*Börnin*“ koma og út sérstaklega—og eru seld fyrir 35 ct.

Hr. *Sigrbjörn A. Gíslason* í Reykjavík er aðal-umboðsmaður „*Sam.*“ á Íslandi.

Hr. *Jón J. Vopni* er féhirðir og ráðsmaður „*Sam.*“ og „*Barnanna*“.

Address: Sameiningin, P. O. Box 689, Winnipeg, Man. Canada.